

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/740
komudagur. 13.1.2004

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. janúar 2004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 301. og frumvarp til breytingar á skipulags- og byggingarlögum, 302. mál

Við setningu laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 var kveðið á um að endurskoða skuli löggin fyrir 1. janúar 2003. Það er mat undirritaðra samtaka að reynslan sýni að þörf sé á slíkri endurskoðun.

Með fyrirhugaðri breytingu fær úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála aukin verkefni á sviði mats á umhverfisáhrifum frá því sem nú er. Samhliða þessu þyrfti að tryggja að nefndin geti annað þeim verkefnum sem til hennar er beint, en kvartað er yfir því að úrskurðir nefndarinnar hafa í seinni tíð dregist á langinn vegna anna. Óviðunandi er að stöðva framkvæmdir af þeim sökum lengur en þörf er á. Því er ekki hægt að fallast á nauðsyn þess að lengja frest nefndarinnar almennt úr tveim mánuðum í þrjá eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Nær væri að halda frestinum óbreyttum eða stytta hann í almennum málum niður í einn mánuð en setja inn í skipulags- og byggingarlög sambærilegt ákvæði og ætlunin er að setja inn í 21. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum en þar er Skipulagsstofnun heimilað í viðamiklum málum og í samráði við framkvæmdaraðila að víkja frá tilgreindum frestum í lögum. Lagt er til að nefndinni verði heimilað að kaupa að þá vinnu sem nauðsynleg er til að hún geti annað verkefnum sínum og að kostnaður við það sé hluti af kostnaði vegna nefndarinnar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að stækka úrskurðarnefnd skipulags og byggingarmála úr þrem mönnum í fimm. Umhverfisráðherra er ætlað að skipa tvo nefndarmenn án tilnefninga en Hæstiréttur á að tilnefna þrjá með ákveðnum hæfniskröfum um sérfræðipækkingu í verkfræði, lögfræði og náttúruvísindum. Að mati samtakanna er hér um heldur gamaldags stjórnýslu að ræða. Lagt er til að verktaka- og byggingariðnaðurinn í landinu fái rétt til að tilnefna einn af fimm mönnum í úrskurðarnefndina eftir að fjölgað er í henni.

Samtökin lýsa stuðningi við þá megin stefnu sem fram kemur í frumvörpunum, að tengja betur en verið hefur matsferli og leyfisveitingar vegna einstakra framkvæmda. Ein megin breytingin sem í fyrrnefnda frumvarpinu felst er sú að Skipulagsstofnun mun í framtíðinni úrskurða um þörfina fyrir umhverfismat, leiðbeina framkvæmdaraðila um hvað meta þurfi og gefa loks álit á matsskýrslu. Stofnunin mun hins vegar ekki úrskurða um það hvort fallast beri á framkvæmd með eða án skilyrða. Sú aðferð að fela Skipulagsstofnun að heimila eða hafna einstökum framkvæmdum hefur ekki gefið góða raun og úrskurðir í flestum stærri málum hafa verið kærðir og komið til endanlegs úrskurðar ráðherra.

Taka verður undir þau sjónarmið að það sé eðlilegt hlutverk Skipulagsstofnunar að samræma gerð matsáætlana og matsskýrslna. Eftir sem áður verður það hlutverk hennar að úrskurða um matsskyldu framkvæmda og jákvætt er að auka samráð milli stofnunarinnar og framkvæmdaáðila um gerð og efni matsskýrslna. Að öðru leyti verður hlutverk stofnunarinnar, á þessu sviði, einkum að kanna og yfirfara matsskýrslur og sannreyna að þær séu í samræmi við settar reglur um gerð, kynningu og efni slíkra skýrslna. Stofnunin gefur síðan út álit sitt á því hvort endanleg skýrsla framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum lýsi þeim áhrifum á fullnægjandi hátt og hvort gera þurfi aðrar eða frekari mótvægisáæðgerðir en lagt

er til í skýrslunni, að skilyrði fyrir framkvæmd. Það verður hins vegar ekki hlutverk stofnunarinnar að ákveða hvort leyfa skuli eða hafna einstökum framkvæmdum, heldur verður slík ákvörðun í höndum viðkomandi leyfisveitenda.

Í báðum frumvörpunum er hnykkt á því að óheimilt sé að veita leyfi til framkvæmda nema matsskýrsla liggja fyrir ef um matsskylda framkvæmd er að ræða og að leyfisveitenda sé einnig skylt að kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka afstöðu til efnis hennar og afstöðu Skipulagsstofnunar sem fram kemur í álitni stofnunarinnar, áður en ákvörðun um að veita eða synja um leyfi er tekin. Þetta er eðlileg krafa um fagleg vinnubrögð.


Samtökin eru einnig sammála þeirri meginstefnu frumvarpanna að takmarka málskotsrétt frekar en verið hefur. Réttur til málskots hefur hvergi á Norðurlöndunum verið jafn víðtækur og hér á landi og reynslan af því er ekki góð að mati samtakanna. Eðlilegt er þó að unnt sé að kæra úrskurði Skipulagsstofnunar t.d. varðandi matsskyldu og það hvort tengdar framkvæmdir séu metnar sameiginlega eða hver í sínu lagi. Réttur til að skjóta máli sem varðar mat á umhverfisáhrifum til úrskurðar ráðherra verður einnig einskorðaður við þá sem hafa sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta, t.d. landeigendur og framkvæmdaraðila, svo og íslensk umhverfisverndar- eða hagsmunasamtök, samkvæmt nánari skilgreiningu.

Í tengslum við ofangreindar breytingar á ferli matsskyldra framkvæmda sem bundið er í lögum um mat á umhverfisáhrifum er nauðsynlegt að breyta byggingar- og skipulagslögum til samræmis. Síðarnefnda frumvarpið (breyting á byggingar- og skipulagslögum) gerir ráð fyrir að færa matsskyldar framkvæmdir inn í sama farveg og önnur skipulags- og byggingarmál með það fyrir augum að matsferlið verði nátengdara leyfisveitingum en verið hefur. Úrskurðir í þessum málum verða þá ekki á hendi Skipulagsstofnunar heldur einstakra sveitarfélaga og málskotsréttur vegna úrskurða færir til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála eins og önnur ágreiningsmál varðandi skipulags- og byggingarmál. Þetta er eðlileg breyting og sama er að segja um takmarkanir á málskotsrétti. Eins og í fyrrnefndu lögunum er ætlunin að takmarka málskotsrétt við þá sem hafa sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta, t.d. eigendur mannvirkja og framkvæmdaraðila, en þegar um er að ræða framkvæmdir sem falla undir lög um umhverfismat geta íslensk umhverfisverndar- eða hagsmunasamtök einnig kært til nefndarinnar. Eðlilegt er að ákvarðanir sem ráðherra ber að staðfesta samkvæmt lögum s.s. aðal- og svæðisskipulag sæti ekki kærnum til nefndarinnar.


Samtök iðnaðarins



Samtök atvinnulífsins



Landssamband íslenskra útvegsmanna



SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu



Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði

